

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartúni 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Ríkissaksóknari

Ríkislögreglustjóri

Héraðssaksóknari

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Lögreglustjórinn á Austurlandi

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

Reykjavík 16. maí 2025

Tilvísun: NEL 25050003

Nefnd um eftirlit með lögreglu tók ákvörðun á fundi nefndarinnar, þann 9. maí 2025, að hefja frumkvæðisathugun á grundvelli c-liðar 1. mgr. 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Frumkvæðisathugun nefndarinnar er tvíþætt og snýr annars vegar að verklagi er varðar geymslu gagna sem varða rannsóknir sakamála og hins vegar reglur um aukastörf lögreglumanna.

I.

Nefndin óskar eftir upplýsingum um hvernig staðið er að eftifarandi hjá embættinu:

- Varðveislu gagna, eyðingu þeirra, bæði að því er varðar öll gögn sem varða rannsóknir sakamála, þ.m.t. vinnugögn auk allra gagna sem aflað er á grundvelli dómsúrskurða eða með samþykki.
- Vörnum/tæknilausnum til að koma í veg fyrir afritun gagna, bæði að því er varðar öll gögn sem varða rannsóknir sakamála og gagna sem aflað er á grundvelli dómsúrskurðar eða með samþykki.
- Skrásetningu á hvenær og hvaða starfsmenn lögreglu hafa opnað, skoðað eða breytt skjölum sem varða rannsóknir sakamála.
- Að tryggja að fyrirmælum ríkissaksóknara um símlustanir, nr. 12/2017, sé fylgt hjá embættinu.
- Að tryggja að uppflettingar í LÖKE séu ávallt rekjanlegar til einstakra lögreglumanna og sé einungis beitt í lögmæltum tilgangi.

Einnig óskar nefndin eftir öllum verklagsreglum sem varða framangreint, hvort sem þær eru opinberar eða ekki.

II.

Að því er varðar aukastörf löggreglumanna óskar nefndin eftir upplýsingum um eftirfarandi:

- Hvort reglum nr. 919/2019 um aukastörf löggreglumanna hafi verið fylgt og hvernig verklagi við eftirfylgni sé hártað.
- Hvaða afleiðingar það hafi ef löggreglumaður tekur að sér aukastarf án þess að tilkynna það til lögreglustjóra eða í trássi við gildandi reglur eða fyrirmæli lögreglustjóra.

Samkvæmt 6. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga er ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjórum skyldt að afhenda nefndinri þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum.

Á grundvelli framangreindar er hér með farið fram á að nefnd um eftirlit með lögreglu verði látið í té allar upplýsingar og eftir atvikum svör við þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram. Þá er þess óskað að upplýsingarnar berist svo fljótt sem auðið er, en **eigi síðar en 30. maí næstkomandi.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu

Margrét Einarsdóttir
Margrét Einarsdóttir

formaður

F. H. S.
Flosi H. Sigurðarson

Kristín Edwald
Kristín Edwald